


MYLLUBAKKASKÓLI

frumdrög // september 2023



HUGHRIF OG HEILDARSÝN



Mynd sýnir A og D álmu, suðurhlíð, núverandi sviðsmynd.



Mynd sýnir A og D álmu, suðurhlíð, tillaga að nýrri ásýnd.

HUGHRIF OG HEILDARSÝN

Með því að skipta út núverandi gluggum í A og D álmu má sjá hvernig útlit hússins breytist og tekur á sig heildstæða mynd. Hugsunin er sú að halda í gluggaútlit vestuhlíðar A-álmu, en þó með nýjum gluggum, þ.e. að draga fram þann rómantíska stíl áfram í gegn.

Sagan heldur sér en þó með breyttri og nútímalegri mynd.



Mynd sýnir dæmi um gamalt og nýtt að mætast og styrkja hvort annað í einni heild.

ÁHERSLUR Í TILLÖGU AÐ ENDURBÓTUM

Allur skólinn hefur verið endurhugaður útfra nútíma viðhorfum og breyttum tímum með fjölbreyttari kennsluáferðum og pláss fyrir frekari sveigjanleika.


Tillagan felur í sér að álma A hefur hlotið talsverða endurgerð og aukna vigt sem miðja skólans. Útveggur á austurhlíð verði nýttur í burðarsúlur fyrir eldri byggigu og einnig þá nýju sem hýsir helstu sameiginlegu rými skólans, eins og matsal, tónlistarskóla, bókasafn og starfsmannarými.

Ný ásýnd verður látlaus og tekur upp sömu klæðningu og er á öðrum álum skólans og meðal annars áþekkir gluggar. Álmurnar sem að teikna upp Myllubakkaskóla eru hugsaðar þannig að þær myndi heildstæða byggingu við verklok.

Endurbætur verða að hluta til í takt við núverandi byggingarform hvað varðar þök og glugga, en ný ásýnd á austurhlíð A álmu fær á sig upp færða ásýnd og gróðurþök.

Tillagan felur jafnframt í sér endurbyggingu á B-álmu. Þá er hún breikkuð frá því sem var til að nýtast betur og samræmast ný uppgerðri D-álmu og verða þessar tvær kennsluálmur þ.a.l. sambærilegar.

FYRIR endurbætur




HEILSTÆTT MANNVIRKI

Útlit og gluggar - tillagan gerir ráð fyrir því að ásýnd á glugga verði í takt við upprunalega hönnun skólans.

Miðja skólans - tillagan leggur áherslu á að styrkja miðjувæði upprunalega skólans og draga miðjuá tröppuhússins meira út á sjálfa skólalóðina.

EFTIR - tillaga að endurbótum



HEILSTÆTT MANNVIRKI


Útlit og gluggar - gluggasetning og þakform vitnar í upprunalega hönnun skólans.

Ný framhlið skólans vitnar í gluggaform eldri byggingar, en fær nútímalegra þak.

Miðja skólans - tröppur að framanverðu breytast í setsvæði og leiksvæði. Í inngangi verður sjónræn áheyrsla á miðjuátröppur skólans. Garðsvæði munu taka mið af sólarstöðu og skjólmyndun.

Dagsbirtu útreikningar

Líkan af núverandi byggingu skólans borin saman við tillögur að breyttri uppröðun:




mælistika: birtumagn á gefnu tímabili
-miðað við jafndægur á milli kl. 8 til 18


Líkan af núverandi byggingu



Líkan af tillögu 1 - byggt inni miðju



Líkan af tillögu með útbyggingu til austurs



Líkan af tillögu með útbyggingu til austurs, tvískipt



Sun hours ?

Open last analysis: Aug 28, 09:22 AM
[View history](#)

Analysis dates

March 21

Time interval

8 : 00 - 18 : 00


Vind útreikningar

Líkan af núverandi byggingu skólans borin saman við tillögu að breyttri uppröðun:




mælistika: vindstyrkur
-algengustu vindáttirnar


Líkan af núverandi byggingu




Líkan af tillögu 1 með miðju viðbyggingu




Líkan af tillögu 1 með miðju viðbyggingu




Líkan af tillögu með útbyggingu til austurs



Líkan af tillögu með útbyggingu til austurs



til samanburðar:
vindrósi svæðisins frá Veðurstofu Íslands



ÁHERSLUR Í TILLÖGU AÐ ENDURBÓTUM

Athuganir á gæðum lóðarinnar hvað varðar sól og skjól sýnir fram á að hornið í inngarðinum milli álmu A og íþróttahúss sé verðmætt **útsvæði**.


Lóðin að framanverðu við aðalinngang skólans vísar í suðaustur og er sólrík á **morgnanna** þegar að nemendur og starfsfólk mæta til vinnu og náms. Tillagan gerir ráð fyrir litlum **skjól**byggingum á lóðinni til að skýla fyrir norðanáttinni, en það væri einnig aðsaða fyrir sorp og hjól.

Tillagan gerir ráð fyrir nánari útfærslu á lóð og útsvæði síðar í hönnunarferlinu.

Höfundar tillögunnar vonast til að staðsetning matsal skólans verði til þess að nýta megi hann utan skólatíma og gjarnan tengja við aðkomutorg skólans, inni og úti.

Gert er ráð fyrir að lega lóðarinnar lækki að hluta niður að kjallarahæðinni til þess að hleypa inn aukinni **dagsbirtu** og um leið verður til líflegt útsvæði sem að styrkir fjölbreytta möguleika til leiks og náms. Þessar brekkur og hæðarmunur í landslaginu mynda svæði sem verða þannig tilvalin til útikennslu og fjölbreyttra setsvæði **utanhúss**.

FYRIR endurbætur




Álma A

Nýtt líf í miðju skólans - miðjan verður **breikkuð**



EFTIR tillaga að endurbótum



Álma A

Ný **miðja** skólans:
Miðlægt bókasafn (2.hæð)
Matsalur með góðri loft hæð og möguleika á að opnast út á skólalóð.
Starfsmenn á 2.hæð staðsettir miðlægt.
Tónlistarskólinn getur verið í notkun utan skólatíma.



Hallandi setsvæði úti - kjörin til útikennslu eftir því hvar er skjól og sól



Litlar skjólbyggingar á lóð sem að skýla fyrir norðanátt, hjóla- og sorpskýli




GRUNNMYND 1. HÆÐ

Heimasvæði miðstigs ásamt kennslustofum er í D álmu. Á 1.hæð í endurbættri A álmu verði tónlistarskóli, kennslustofur í tónfræði sem að nýttist einnig fyrir forskóla, kennslustofa í forritun og nýsköpun, fjölnota rými til kennslu, fjölnota salur, mötuneyti ásamt salernum og öðrum stoðrymum, s.s. rými umsjónarmanns og fataherbergi útigæslunnar. Aðgengi er út á skólalóð.

Í endurbyggðri B álmu verði kennslustofa í heimilisfræði, heimasvæði yngstu bekkja á yngsta stigs ásamt kennslustofum sem og íþróttahús. Í tillögu er gerð ráð fyrir því að inngangur í íþróttahús verði frá skólalóð og að innangengt verði frá skólanum.

Heimasvæði, miðstigs
Skólastofur fyrir 5., 6. og 7. bekk



Íþróttahús

Búningsklefar íþróttahúss

Heimasvæði forstigs
Skólastofur fyrir 1. bekk

Tónmennt // Tónlistarskóli

Matsalur // Svið

Heimilisfræðistofa


GRUNNMYND 2. HÆÐ

Í D álmu er gert ráð fyrir heimasvæði efsta stigs ásamt kennslustofum, aðstöðu nemendafélags skólans og kennslustofu í náttúrufræði. Á 2.hæð í endurbæftri A álmu verði bókasafn, tölvuver, vinnuherbergi kennara, heimasvæði eldri bekkja á yngsta stigi, opin næðisými, stjórndaálma ásamt stoðrymum.

Í endurbyggðri B álmu verði einnig heimasvæði elstu bekkja á yngsta stigi, opin næðisými, lesver og stoðrymi. Aðgengi er um stiga- og lyftuhús niður á 1.hæð í íþróttahús og kennslustofur.



EFNIS- OG LITAVAL



heildin:
ljós ásýnd með brons áherslum.

koparlitur er vísun í sögu hússins, rauða litinn sem var, og spilar hlutverk bæði úti og inni.


neðri hluti hvítur, sléttur og hlutlaus.
efri hluti, kampavínslitur, gullin sem gefur dýpt og hlýju.
Inngangar og útbýggingar á lóð séu brons/kopar sem má draga áfram í næstu áföngum.



Innblastur frá einstakri jarðmyndun - Reykjanes jarðvangur

hughrif





Myllubakkaskóli fyrir breytingar



Myllubakkaskóli eftir breytingar

YFIRLITSMYNDIR

AÐKOMA
- Aðalinnangangur um A og D álmur, upprunalegar tröppur í A álmu halda sér.



FYRSTI ÁFANGI - ÁLMA D
- Séð inn í inngarð / skólalóð



INNGARÐUR
- horft að A álmu sjónræn
tenging í gegn



FYRSTI ÁFANGI - ÁLMA D
- við gatlinn og séð inní inngarð



INNGARÐUR
- ofanmynd úr austri



FYRSTI ÁFANGI - ÁLMA D
- ofanmynd úr norðri

